

Gæðamálörvun í daglegu starfi

Máltaka og málþróun er ekki fyrirhafnarlaus. Í daglegu starfi í leikskólanum þarf að baða börn í tungumáli. Þau þurfa samvistir við fullorðna og börn til að ná tökum á málinu. Þau þurfa að heyra mál og fá tækifæri til að nota það til að læra. Við, fullorðna fólkið þurfum að nota hvert tækifæri sem gefst til að styðja við máltökuna t.d. með því að nota gæðamálörvun.

Settu orð á alla hluti og athafnir

Ekki krefjast þess að barnið svari ef það er ekki tilbúið til þess.

Notaðu sjálfstal og samhliðatal.

Barnið þarf fyrst að heyra málið áður en það getur notað það til samskipta.

Nefndu það sem barnið hefur áhuga á og lýstu því. Þú getur talað um lit, áferð, lögun, lykt, hvað maður gerir o.s.frv.



Endurtaktu oft

Endurtaktu það sem barnið segir. Ef barnið segir „sjáðu“ þá endurtekur þú það. Endurtaktu líka það sem þú segir. Leggðu áherslu á mikilvægustu orðin í setningunni.



Barn þarf að heyra rétt mál

Ef barnið segir t.d.: „sjáðu gult bíll“ segðu þá, „já, þarna er gulur bíll“. **EKKI BENDA Á „MISTÖK“!**



Farðu inn í leik barns eða barna

Lýstu því sem er að gerast í leiknum, bættu við orðum og hugmyndum.

Ekki taka yfir leikinn, styddu við hann.



Vertu í augnhæð barnsins

Með því að horfa í augu barnsins nærðu betra sambandi við það. Barnið upplifir að þú hafir áhuga á því sem það er að gera.



Bíddu eftir viðbragði (svari) barns

Barn þarf oft lengri tíma til að svara en fullorðinn. Gefðu barninu tækifæri til að svara beint þegar það er spurt, ekki grípa fram í.



Endurtaktu og bættu við það sem barnið segir

Hlustaðu á það sem barnið segir. Endurtaktu setninguna og bættu við orði t.d. ef barnið segir: „þarna er stóri bíllinn“, þá endurtekur þú, „já þarna er stóri rauði bíllinn“.

